

Fundargerð foreldrafélags Kársnesskóla 3. maí 2022

Mætt: Helga Guðný Sigurðardóttir, Sigga, Kristjana, Aðalsteinn og Rikke.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Fjárhagsleg staða félagsins og möguleg rukkun
3. Foreldraröltið
4. Undirbúningur fyrir vorhátíð og góðgerðardag skólans 19. maí – viðburða teymi Aðalsteinn og Jóhannes
5. Aðalfundur
6. Önnur mál

Niðurstaða

1. Engar athugasemdir við fundargerð síðasta fundar.
2. Fjárhagsleg staða er góð þ.a.l var ekki send út rukkun fyrir félagsgjöldum í ár. Eitthvað af styrkjum eru ennþá ógreiddir en það verður gengið frá því á næstu dögum.
3. Eins og fram hefur komið hefur verið erfitt að manna röltið á föstudögum. Enn á ný biðlum við til foreldra að taka þátt í röltinu.
4. Það er gaman að segja frá því að loksins getum við haldið vorhátíð og góðgerðardag, hann verður haldinn 19. maí nk. Bekkjarfulltrúar miðstigs ásamt Jóhannesi og Aðalsteini ætla að sjá til þess að gera daginn ógleymanlegan.
5. Aðalfundur verður haldinn þriðjudaginn 24. maí klukkan 18:30 í sal skólans. Opinn skólaráðsfundur hefst klukkan 18:00 sem Björg skólastjóri stýrir og í kjölfarið verður kynning frá Kópavogsbæ um stöðu mála varðandi nýjan kársnesskóla, sjá auglýsingu.
6. Engar sérstakar athugasemdir hafa komið frá foreldrum í gegnum netfangið foreldrafelag-kars@kopavogur.is eða í gegnum facebook. Foreldrafélagið vaktar það netfang og fer yfir fyrir hvern fund.

Við hvetjum bekkjarfulltrúa til að sækja um bekkjarstyrk.

Fundi slitið.